


Grænt bókhald

Skýrsla 2007




**Efnamóttakan hf.,
kt. 691298 – 2729
Flokkur 5
Gufunesi
112 Reykjavík**

**Efnisyfirlit**

Bls.

Staðfesting stjórnar	bls. 1
Áritun endurskoðenda	bls. 2
Inngangur	bls. 3
Almennar upplýsingar um fyrirtækið	bls. 4
Hlutverk Efnamóttökunnar hf.	bls. 5
Umhverfismál Efnamóttökunnar hf.	bls. 6
Breytur um auðlindanotkun í grænu bókhaldi	bls. 7
Lokaorð	bls. 8



Staðfesting stjórnar.

Stjórn Efnamóttökunnar hf. samþykkti umhverfisstefnu 10. október 2003 til að skýra áherslur fyrirtækisins í umhverfismálum. Umhverfisstefnan hefur verið höfð að leiðarljósi í starfsemi fyrirtækisins.

Skráning græns bókhalds er einn hlekkur í því að fylgjast með þeim þáttum í starfsemi fyrirtækisins sem hafa á áhrif á umhverfið og setja sér ný markmið í umgengni okkar um umhverfi og auðlindir.

Starfsemi fyrirtækisins var með venjubundum hætti á árinu 2007.

Framkvæmdastjóri Efnamóttökunnar hf. staðfestir hér með fyrir hönd stjórnar skýrslu um grænt bókhald.



Jón H. Steingrímsson
framkvæmdastjóri.




Áritun endurskoðenda.**Til stjórnar Efnamóttökunnar hf.**

Við höfum endurskoðað skýrslu um grænt bókhald Efnamóttökunnar hf. fyrir árið 2007 en hún hefur að geyma yfirlýsingu framkvæmdastjóra, yfirlit um orku og hráefnanotkun ásamt upplýsingum um umhverfismál félagsins. Skýrslan er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg víska fáiast um að tölur sem gefnar eru upp í skýrslunni séu réttar og í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum í fjárhagsbókhaldi til að sannreyna að fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum séu í samræmi við skýrslu um grænt bókhald. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að skýrsla um grænt bókhald sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins á árinu 2007, og aðrar upplýsingar sem í henni koma fram séu rétt fram settar.

Reykjavík, 30. apríl 2008

Grant Thornton endurskoðun ehf.
Theodor Sigurbergsson
löggtur endurskoðandi

Inngangur

Færsla á grænu bókhaldi er eitt af því verkefnum sem fyrirtækinu ber að færa og gera skil á og hvert skipti er litið yfir farin veg og til framtíðar og árið 2007 urðu ekki afgerandi breytingar hjá fyrirtækinu hvorki í starfsemi né í umhverfismálum fyrirtæksins.

Grænt bókhald er verkfæri til að halda utan um ákveðna umhverfispætti og skoða niðurstöður hverju sinni og setja sér ný markmið.

Efnamóttakan hf., þjónustar viðskiptavini meðal annars með því að reka söfnunarþjónustu með því að sækja til þeirra úrgang. Bifreiðar sem notaðir eru í þetta verkefni ganga fyrir bensíni og metangasi og er aðal áherslan lögð á að nota metangas.

Efnamóttakan hf., var stofnuð 17. desember 1998. Fyrirtækið er í leiguhúsnæði í eigu SORPU bs., og eru mengunarvarmir að hluta sameiginlegar t.d. varðandi safnþró. Einnig er kalt vatn á sameiginlegri lögn.

Í skýrslunni eru almennar upplýsingar um fyrirtækið, hlutverk þess og sagt frá því hvernig umhverfismálum er háttað.



Almennar upplýsingar um fyrirtækið.**Starfsleyfi**

Gildistími fyrir starfsleyfið sem Umhverfisstofnun gefur út er til 1. febrúar 2016 og er endurskoðað á 4. ára fresti. Eftirlitsaðili er Umhverfissvið Reykjavíkur.

Fyrirtækið Efnamóttakan hf.,

Efnamóttakan hf., var stofnuð þann 17. desember 1998.

Heimilisfang Efnamóttökunnar hf. er Gufunes 112 Reykjavík.

Eigendur eru:

Efni ehf.,
Fura ehf.
Gámaþjónustan hf.

Stjórn er þannig skipuð:

Haraldur Ólason
Elías Ólafsson
Gunnar Bragason
Sveinn Hannesson
Úlfar Haraldsson

Framkvæmdastjórinn, Jón H. Steingrímsson, starfar í umboði stjórnar á milli stjórnarfunda.

Stöðugildi hjá Efnamóttökunni hf.,

Meðalfjöld starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf var 19 á árinu.



Hlutverk Efnamóttökunnar hf.

Hlutverk Efnamóttökunnar hf, er að taka við spilliefnum og öðrum úrgangi frá einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum og sjá um að endurvinnna og eyða þeim á faglegan og öruggan hátt fyrir umhverfið.

Efnamóttakan hf. er í samvinnu við örugga og trausta aðila um endurvinnslu og eða eyðingu efna bæði hér innanlands og erlendis.

Tímabilið yfir grænt bókhald


Grænt bókhald hefur sama tímabil og bókhaldsárið, frá 1. janúar ár hvert og 31. desember sama ár.

Umhverfisstefna.

Stjórn Efnamóttökunnar hf., hefur samþykkt umhverfisstefnu til að skýra áherslur fyrirtækisins í umhverfismálum.

Eftirfarandi stefnumarkmið eru höfð að leiðarljósi við alla vinnu í fyrirtækinu.

- Að öll aðstaða fyrirtækisins þ.m.t. byggingar og önnur mannvirki á lóð, lóðafrágangur, frárennsli og ræktun lóðar sé til fyrirmyndar.
- Að öll vinnuaðstaða starfsmanna sé til þess fallin að starfsmönnum líði sem best við störf hjá fyrirtækinu.
- Að með vali á rekstrarvörum og við tækjakaup sé haft að leiðarljósi að lágmarka úrgang og mengun.
- Að fylgjast með þróun í umhverfismálum, innleiða nýjar aðferðir og vinna stöðugt að umbótum í umhverfisstjórnun.
- Að efla umhverfisvitund starfsmanna og hvetja til þátttöku.
- Að nota hreina orkugjafa þar sem þess er kostur.
- Að lögð verði áhersla á að minnka pappírnotkun í rekstri fyrirtækisins og flokka og endurvinnna þann pappír sem til fellur og nota endurunnar vörur sé þess kostur.
- Að finna hagkvæmar lausnir á þeim viðfangsefnum sem fyrirtækið tekst á við á hverjum degi og gæta þess að þær séu í fullri sátt við náttúru landsins og samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru á hverjum tíma.



Umhverfismál Efnamóttökunnar hf.**Reykingar.**

Reykingar eru stranglega bannaðar á vinnusvæði fyrirtæksins.

Lágmörkun á lagerhaldi.

Leitast er við að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum með því að lágmarka lagerhald þ.e.a.s efnum er komið eins fljótt og auðið er í viðeigandi farveg hvort sem er í endurvinnslu eða eyðingu.

Lokað frárennsliskerfi.

Frárennslisli frá fyrirtæksins er í lokuðu frárennsliskerfi.

Safnpró fyrir affall af gólfi í húsi.

Safnpró fyrir affall af gólfi í húsi er 5m³ að stærð og í henni er 1000 lítra ker.

Ef efni hellist niður sem getur haft skaðleg umhverfisáhrif þá er dælt upp úr þrónni og efninu komið fyrir í tunnum og komið í réttan farveg til eyðingar.

Safnpró fyrir affall af útiplani.

Safnpró fyrir affall af útiplani er 2 x 10m³ að stærð og tekur hún við því sem rennur af vinnuplani úti.

Ef efni hellist niður sem getur haft skaðleg umhverfisáhrif þá er dælt upp úr þrónni og efninu komið fyrir í tunnum og komið í réttan farveg til eyðingar.

Rotpró fyrir frárennslisli frá snyrtingu.

Ef óhapp verður sem veldur flóði og kemst í efni sem hafa skaðleg umhverfisáhrif þá er dælt upp úr þrónni og efninu komið fyrir í tunnum og komið í réttan farveg til eyðingar.

Staðsetning efna og geymsla.

Á vinnusvæðinu er leitast við að fylgja eftir IMO- og ADR- reglum varðandi uppröðun efna.



Breytur um auðlindanotkun í grænu bókhaldi.

Ár 2007

Breyta	Notkun	Eining
Rafmagn	118.555,0	kWh
Heitt vatn	13.941	m ³
Bensín	1.478,4	l
Metangas	7.124,0	l
Gasolia	4.041,5	l
Steinolia	71,9	l
Plast v/rafgeyma	750,0	m
Brettahettur v/rafgeyma	220,0	stk
Brettafilma	7.200,0	m

Ár 2006

Breyta	Notkun	Eining
Rafmagn	183.422,40	kWh
Heitt vatn	14.448	m ³
Bensín	2.731,32	l
Gasolia	3.845,03	l
Metangas	10.734,86	l
Plast v/rafgeyma	500	m
Brettahettur v/rafgeyma	80	stk

Ár 2005

Breyta	Notkun	Eining
Rafmagn	190.264,5	kWh
Heitt vatn	11.098,3	m ³
Bensín	2.591,6	l
Metangas	7.887,0	l
Gasolia	3.489,2	l
Plast v/rafgeyma	475,0	m

Ár 2004

Breyta	Notkun	Eining
Rafmagn	197.664,8	kWh
Heitt vatn	9.156,0	m ³
Bensín	523,4	l
Metangas	4.309,4	l
Plast v/rafgeyma	300,0	m
Brettahettur v/rafgeyma	120,0	stk


Ár 2003

Breyta	Notkun	Eining
Rafmagn	194.647,20	kWh
Heitt vatn	8.723,00	m ³
Bensín	945,71	l
Metangas	3.995,35	m ³

Almennt skýrist aukning á magni milli ára með auknum umsvifum fyrirtæksins en undantekning er notkun á rafmagni sem minnkar á milli ára, og er það vegna breytinga á eyðingarfarvegum. Efni sem voru áður rúmmálsminnkuð og flutt úr landi má núna eyða innanlands.

Plast er notað sem fyrr fyrir rafgeymakör í samræmi við vegna ákvæði í starfleyfi og þykir rétt að greina frá notkun þess.

Brettafilma er notuð til að setja utan um farma sem farið er með í eyðingarfarveg þegar verið er að flytja þá á milli staða.

Kvartanir:

- Sjón mengun
- Hávaði
- Lykt
- Fok

Magntölur sem fram koma í grænu bókhaldi eru unnar upp úr reikningum frá birgjum.

Lokaorð

Grænt bókhald fyrir árið 2007 og í framtíðinni mun fyrirtækið skoða fleiri breytur sem snerta auðlinda-/ hráefnisnotkun og hafa áhrif á umhverfið.

Umhverfisstefna og skráning græns bókhalds eru leiðarljós fyrirtækisins í áherslum varðandi umhverfismál.

Umhverfismálin eru mikilvægur þáttur í starfsemi hvers fyrirtækis, þau eiga að vera í stöðugri endurskoðun. Þegar umhverfismál eru í brennidepli eins og þau hafa verið undanfarið, þá skilar sú umræða sér inn í fyrirtækin og ætti að auðvelda þeim bæði að ná árangri og einnig að viðhalda umhverfismálum í sem bestum farvegi.